

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Alþingi
Erindi nr. P 138/3
komudagur 29.9.2009

AFRIT

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8–10
150 REYKJAVÍK

Snæfellsbæ 22. september 2009

0902071SA MKH/-
Málalykill: 173

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um fjárframlag til niðurgreiðslu á húshitun (fjárlagaliður 11-373)

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum hafa á undanförnum árum barist fyrir ýmsum málum er varða hagsmuni íbúa þeirra svæða í orkumálum. Má þar nefna niðurgreiðslur til húshitunar, jarðhitaleit, niðurgreiðslur til nýrra hitaveitna o.s.frv.

Margt hefur áunnist að undanförnum árum en sumt hefur því miður ekki gengið eins vel. Má í því sambandi nefna þróun á rafmagnsverði til húshitunar. Hafa hækkanir aldrei þó verið meiri en á þessu ári eða 20%, þ.e. hækkun um 15% 1. janúar og síðan um 5% 1. ágúst. Ljóst er að þessi hækkun hefur gífurlega mikil áhrif á hag þess fólks er notar rafmagn til húshitunar. Um 36.600 einstaklingar búa við það að nota raforku til húshitunar og er inn í þeirri tölu þeir sem búa við fjarvarmaveitur og eru um 13.000 eignir sem eru á bak við þá sem nota rafmagn til húshitunar.

Gögn sem undirritaður fékk frá Orkustofnun sýna að orkuverð til húshitunar í ágúst 2009 í þéttbýli RARIK er 262% hærra en á höfuðborgarsvæðinu og raforkuverð í dreifbýli RARIK er 335% hærra. Ljóst er að þessi munur á orkuverði til húshitunar er orðinn hrópandinn og hefur þessi þróun verið mjög mikið á verri veg frá árinu 2005 er nýju raforkulögin tóku gildi (sjá nánar fylgiskjöl).

Þi skodað er niðurgreitt orkuverð til húshitunar eins og það leit út í ágúst 2009 þá lítur það svona út:

1. Olíuhitun	6,65 kr/kWst.
2. Orkubú Vestfjarða dreifbýli	6,58 kr/kWst.
3. RARIK dreifbýli	6,71 kr/kWst.
4. Niðurgreiddar veitur þéttbýli	3,99 kr/kWst.
5. RARIK þéttbýli	5,25 kr/kWst.
6. Orkubú Vestfjarða þéttbýli	5,04 kr/kWst.
7. Ro veitur (fjarvarmaveitur)	4,24 kr/kWst.
8. Hitaveitur -1	4,50 kr/kWst.
9. Hitaveitur - 2	3,20 kr/kWst.
10 Hitaveitur - 3 (Höfuðborgarsv.)	2,00 kr/kWst.
11. Hitaveitur – 4	1,00 kr/kWst.

Eins og sést á töflunni hér fyrir ofan þá er gífurlega mikil munur á orkuverði til húshitunar og eins og nefnt hefur verið fyrr, þá hefur þessi þróun verið á þann veg að munurinn hefur verið að aukast á undanförunum árum.

Það er ekkert réttlæti í því að ákveðinn hluti landsmanna búi við svo hátt orkuverð og enn verra að það skulu vera fyrirtæki í eigu hins opinbera sem hafa forgöngu um að hækka raforkuverð langt umfram verðlag.

Það er því ósk Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum að fjárlaganefnd Alþingis beiti sér fyrir því að þessi mikli munur á orkuverði verði jafnaður, þannig að allir landsmenn búi við sem næst sama orkuverð, óháð orkugjafa, það hlýtur að vera réttlætiskrafa að svo sé.


Annað mál sem nauðsynlegt er að veitt verði áfram fjármagn til, en það eru styrkir til jarðhitaleitar. Eins og nefndarmönnum er kunnugt um þá hafa styrkir til jarðhitaleitar orðið til þess að allmargar nýjar hitaveitur hafa hafið starfsemi. Því er það afar brýnt að ekki verði hlé á veitingu styrkja sem aftur yrði til þess að hægja myndi á því að nýjar hitaveitur tækju til starfa á næstu árum.

Loks er nauðsynlegt að minnast á mikilvægi þess að veitt sé fjármagn til orkusparandi aðgerða. Rétt er að geta þess að verið er að vinna að hinum ýmsu verkefnum á því sviði þessa dagana sem vonandi verða til þess að hægt verði að spara umtalsverða raforku í framtíðinni.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að hún veiti fé til þess er að ofan er nefnt á fjárlögum ársins 2010.

Virðingarfyllst

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Kristinn Jónsson
formaður

Afrit: Iðnaðarráðuneytið
Iðnaðarnefnd Alþingis


Hjálagt: Gögn frá Orkustofnun um orkuverð til húshitunar.

Fylgiskjal:

Orkuverð til húshitunar í ágúst 2009

	Meðalverð		Fj. Veitna	Fj. Íbúa	Athugasemd
	óniðurgreitt	niðurgreitt			
Hitaveitur á bilinu 0,5 - 1,5 kr/kWst	1,00		3	4.843	
Hitaveitur á bilinu 1,6 - 2,5 kr/kWst	2,00		30	247.100	
Hitaveitur á bilinu 2,6 - 4,0 kr/kWst	3,20		9	25.500	
Hitaveitur á bilinu 4,1 - 5,0 kr/kWst	4,50		3	2.750	
Einkahitaveitur milli 1,5 - 2,5 kr/kWst	2,00		200	2.665	
<i>Vestmannaeyjar</i>	<i>1,14</i>	<i>5,50</i>		<i>1.654</i>	Ekki alveg víst að þessar tölur stemmi nákvæmlega
<i>Hank í völu</i>	<i>6,82</i>	<i>4,73</i>	<i>2</i>	<i>1.498</i>	Ekki alveg víst að þessar tölur stemmi nákvæmlega
<i>Jökull í Vestfirðum</i>	<i>5,44</i>	<i>3,35</i>	<i>2</i>	<i>3.570</i>	Ekki alveg víst að þessar tölur stemmi nákvæmlega
Orkuveita Reykjavíkur rafhitun	7,81	4,35	1	104	
Hitav. Suðurnesja og Vestmannaeyjar rafhitun	8,23	5,02	1	566	
Orkubú Vestfirðar rafhitun þéttbýli	7,62	5,04	1	2.450	
Orkubú Vestfirðar rafhitun dreifbýli	10,08	6,58	1	1.100	
Rafveita Reyðarfjarðar rafhitun	7,49	4,85	1	1.537	
RARIK rafhitun þéttbýli	8,04	5,25	1	11.025	
RARIK rafhitun dreifbýli	9,99	6,71	1	11.265	
Norðurorka rafhitun	8,03	4,84	1	23	
Oliuhitun (Grimsey og Flatey)	13,87	6,65	2	200	
			Fj. Veitna	Fj. Íbúa	
Oliuhitun (Grimsey og Flatey)	13,87	6,65	2	200	
Orkubú Vestfirðar rafhitun dreifbýli	10,08	6,58	1	1.100	
RARIK rafhitun dreifbýli	9,99	6,71	1	11.265	
Niðurgreiddar veitur í þéttbýli	6,76	3,99	4	7.423	
RARIK rafhitun þéttbýli	8,04	5,25	1	11.025	
Orkubú Vestfirðar rafhitun þéttbýli	7,62	5,04	1	2.450	
RO - veitur niðurgreiddar	7,16	4,24	5	4.240	
Hitaveitur á bilinu 4,1 - 5,0 kr/kWst	4,50		3	2.750	
Hitaveitur á bilinu 2,6 - 4,0 kr/kWst	3,20		9	25.500	
Hitaveitur á bilinu 1,6 - 2,5 kr/kWst	2,00		30	247.100	
Hitaveitur á bilinu 0,5 - 1,5 kr/kWst	1,00		3	4.843	

Orkuverð til hitunar ágúst 2009



Orkuverð í ágúst 2009

